



Jafnréttisáætlun Ingunnarskóla 2018-2021

Í samræmi við ákvæði laga um jafnan stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Í Ingunnarskóla er unnið eftir einkunnarorðunum virðing, ábyrgð, vinsemd og lögð áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu allra nemenda. Mikilvægt er að allir taki virkan þátt í skólstarfinu til að styrkleikar hvers og eins fái notið sín sem best. Hver einstaklingur skal metinn á eigin forsendum og fyllsta jafnræðis gætt milli allra sem í skólanum starfa. Starfsfólki og nemendum skal því ekki mismunað vegna kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana.

Áhersla er lögð á lýðræðislegar ákvarðanir og mikilvægt að tekið sé tillit til sjónarmiða allra við stefnumótun og ákvarðanatöku. Stjórnendur og starfsmenn skólans bera ábyrgð á að gæta jafnréttis á vinnustað. Allir starfsmenn hafi möguleika til endurmenntunar og/eða til þess að sækja sér fræðslu til þess að auka hæfni sína í starfi.

Jafnréttisáætlun er kynnt öllum þeim sem hún varðar, á kynningarfundum að hausti, á starfsmannafundum og er sýnileg á heimasíðu skólans.

Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð með reglulegu millibili.

Aðgerðaáætlun 2018-2021

Launajafnrétti 19. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	Unnið er samkvæmt kjarasamningum KÍ, SFR og Eflingar og þess gætt að ekki halli á kynin hvað varðar vinnutímaramma og yfirvinnu.	Skólastjórnendur	Allt skólaárið en þó sérstaklega á haustin þegar verið er að ganga frá vinnuskýrslum.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun 20. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.	Að öllu jöfnu skal starf sem auglýst er laust til umsóknar standa til boða jafnt konum sem körlum.	Skólastjórnendur	Alltaf þega laust starf er auglýst til umsóknar
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Ef jafnhæfir einstaklingar sækja um auglýst starf ber að ráða það kynið sem hallar á. Undantekning er ef nauðsynlegt er að ráða annað kynið vegna hlutlægra þátta sem tengjast starfinu s.s. baðverðir í íþróttahús.	Skólastjórnendur	

<p>Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.</p> <p>Efla kynjafræðipækkingu starfsfólks.</p>	<p>Í símenntunaráætlun skólans er þess gætt að starfsþjálfunar- og endurmenntunarnám-skeið séu ætluð báðum kynjum.</p> <p>Árleg greining á sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og</p> <p>Fjallað um <i>Jafnréttismál í víðum skilningi</i> á fræðslufundum fyrir starfsfólk.</p>	<p>Skólastjórnendur</p> <p>Skólastjórnendur</p>	<p>Símenntunaráætlun er kynnt að hausti.</p> <p>Könnun í mars/apríl á hvort munur sé á sókn kvenna og karla í endurmenntun.</p> <p>Vorönn á hverju skólaári.</p>
--	---	---	--

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs 21. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.</p> <p>Að bæði konur og karlar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.</p>	<p>Stjórnendur leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að allir starfsmenn geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.</p> <p>Allt starf í skólanum þarf að taka mið af því að samræma sem best fjölskyldulíf og atvinnu starfsmanna t.d. má nefna fundartíma, skipulag námskeiða o.fl.</p> <p>Kynna fyrir starfsfólki og þá sérstaklega verðandi foreldrum, réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum.</p>	<p>Skólastjórnendur</p> <p>Skólastjórnendur</p>	<p>Allt árið</p> <p>Kynning í ágúst/september ár hvert.</p> <p>Kynning á starfsmannafundi í ágúst/september ár hvert.</p>

Kynbundin og kynferðisleg áreitni 22. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi á vinnustaðnum.</p>	<p>Öllu starfsfólki skal gerð grein fyrir að kynferðisleg eða kynbundin áreitni og /eða ofbeldi verði aldrei liðið í skólanum.</p> <p>Meðferð slíkra mála er í höndum skólastjórnenda og öryggisnefndar sem vinnur eftir viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar.</p> <p>Viðbragðsáætlunin kynnt fyrir kennurum, öðru starfsfólki og nemendum.</p>	<p>Skólastjórnendur.</p> <p>Öryggis- og jafnréttisnefnd</p>	<p>Kynning á starfsmannafundum í upphafi skólaárs og þegar tilefni þykir til.</p>

Menntun og skólastarf 23. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál.</p> <p>Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.</p>	<p>Kennarar geri grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins. Útbúa skema fyrir hvern árgang um aðgerðir ásamt sameiginlegum viðburðum fyrir allan skólann.</p> <p>Starfsfræðsla hefjist á yngsta stigi t.d. með kynningum frá foreldrum. Starfsfræðsla er í 8.-10. bekk og boðið er sérstaklega upp á valgrein þar sem mismunandi vinnustaðir eru heimsóttir.</p>	<p>Umsjónarkennarar. Námsráðgjafi.</p>	<p>Áætlun tilbúin í september 2019 og unnið eftir henni allt árið.</p>

Menntun og skólastarf 23. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.</p>	<p>Allt námsefni í öllum námsgreinum skal skoða og meta út frá jafnréttissjónarmiðum. Sérstök áhersla er lögð á markvissa jafnréttisfræðslu í lífsleikni og nemendur hvattir til að rækta hæfileika sína og persónu þroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.</p> <p>Komið skal til móts við mismunandi þroska og getu nemenda og sveigjanleiki og fjölbreytni höfð að leiðarljósi. Áhersla er á jákvæð samskipti og virðingu í öllu starfi.</p>	<p>Kennarar.</p>	<p>Allt árið og sérstaklega hugað þessu við gerð nám- og kennsluáætlana.</p>

Menntun og skólastarf 23. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fá strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Í yngri bekkjum er rætt um fjölskyldumynstur, störf og verkaskiptingu karla og kvenna. Í unglingsdeild er áhersla á að ræða við unglinga um að allir hafi sömu möguleika á starfsvali og menntun.	Námsráðgjafi.	Allt árið.

Menntun og skólastarf 23. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu.	Í stefnumótun og áætlanagerð hafa allir starfsmenn möguleika á að koma með athugasemdir og tillögur til úrbóta. Jafnréttis skal gætt í nefndum og ráðum sem nemendur sitja í.	Stjórnendur.	Allt árið.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni 22. grein			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Fræðsla fyrir nemendur í tengslum við lífsleikni. Nemendur geta rætt við námsráðgjafa eða hjúkrunarfræðingi. Kynferðisleg áreitni telst 3.stigs hegðunarbrot og er tekið á henni í samræmi við það.	Umsjónarkennarar Námsráðgjafi. Hjúkrunarfræðingur Stjórnendur.	Allt árið.

Samstarf heimilis og skóla			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns.	Báðir foreldrar fá upplýsingar varðandi börn sín. Báðir foreldrar eru hvattir til að mæta á fundi og kynningar og heimsækja skólann.	Umsjónarkennarar. Stjórnendur.	Allt árið.

Eftirfylgni			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlunin skili tilætluðum árangri.	Viðhorfskönnun meðal kennara og annars starfsfólks með tilliti til verkefna áætlunarinnar.	Skólastjóri / jafnréttisnefnd.	Lokið í apríl hvert ár.

Eftirfylgni			
Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlunin sé í sífelldri þróun eins og önnur stefnumótun og endurskoðuð ekki sjaldnar en á þriggja.	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannanna.	Skólastjóri / jafnréttisnefnd.	Lokið í apríl 2021

Slóðir

<http://mannrettindi.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4757/>

<https://reykjavik.is/mannrettindastefna-reykjavikurborgar>

<https://reykjavik.is/thjonusta/mannrettindastefna-reykjavikurborgar>

<http://jafnrettiiskolum.is/jis/?D10clD=ReadNews&ID=120&CI=0>